

Fjórðungssamband Norðlendinga

Afhending 2021/7

Fjórðungssamband Norðlendinga var stofnað á Akureyri þann 14. júlí 1945. Megintilgangur sambandsins var „[...] að sameina sýslu- og bæjarfélög Norðlendingafjórðungs um menningar- og hagsbótamálefni hans [...]“ eins og fram kemur í 2. grein laga sambandsins.

Í fyrstu stjórn sambandsins voru kosnir sr. Páll Þorleifsson, Skinnastöðum, Brynjólfur Sveinsson, Akureyri og Karl Kristjánsson, Húsavík. Varamenn voru Snorri Sigfússon, Akureyri, Guðbrandur Ísberg, Blönduósi og Þorsteinn Símonarsson, Ólafsfirði.

Árið 1969 var skipulagi sambandsins breytt svo að það varð að landshlutasamtökum innan Samtaka íslenskra sveitarfélaga. Það sama ár var ráðinn framkvæmdastjóri til sambandsins, Lárus Jónsson (1933-2015).

Árið 1992 var Fjórðungssamband Norðlendinga lagt niður og skipt í Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og Eyþing (Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum).

Afhendingin barst frá Sigríði Stefánsdóttur. Aðrar afhendingar frá Fjórðungssambandi Norðlendinga eru 156, 698 og 748.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
20. apríl 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2021 / 7

A-Fjórðungssamband Norðlendinga

A-Fjórðungssamband Norðlendinga

1991 - 1993

A	1	1	1991 - 1993	Fundargerðabók
A	1	2	1992 - 1993	Fundargerðir, fundarboð og bréf frá skilanevnd sambandsins